

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 135/1754  
komudagur 11.3.2008

Reykjavík, 10. mars 2008.

Ég undirritaður þakka heiðrað bréf allsherjarnefndar frá 20. febrúar 2008, þar sem mér er fengið til umsagnar frumvarp til laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu.

Ég tel þetta frumvarp mjög til bóta en vil þó koma með þrjár athugasemdir varðandi efnisþætti.

a)

Í tillögu að 1. grein stendur:

**Nú hefur lóknir úrskurðað manna látinn og skal þá svo fljótt sem við verður komið flytja líkið í líkhús.**

*Athugasemd mín:*

*Þetta er allt of langt gengið. Nefna má að t.d. Karítas á Íslandi og Heimahlyning Krabbameinsfélags Íslands hafa unnið mikið og gott starf að því að leyfa fólki að deyja heima. Það gefur þeim námustu færi á að kveðja hinn látna við sem eðlilegastar aðstæður og getur líkið þá staðið uppi á meðan verið er að ná til þeirra. Það má líka vel hugsa sér að ákvæði um flutning líks í líkhús eigi fremur heima í heilbrigðislagum.*

b)

Í 3. grein er rætt um að lík skuli hjúpað líkklæðum eða öðrum klæðnaði.

Ég legg til að síðari hluta setningarinnar verði sleppt en að setningin verði:

**Óheimilt er að greftra lík eða brenna það nema það sé í kistu. Þó skalt heimilt...**

*Athugasemd mín:*

*Þetta er of langt gengið í forsjárhyggju og óþarfa kvöð.*

c)

Í 3. grein er rætt um að greftra lík eða brenna. Þar legg ég til að bætt verði inn nýrri 2. málsgrein sem hljóði svo:

**Óheimilt er að smyrja lík til greftrunar.**

*Til skýringar:*

*Ástæðan er fyrst og fremst sú að þessari aðferð fylgir mikil mengun frá kemískum vökvum sem notaðir eru við smurningu, en einnig af bæði siðfræðilegum og trúfræðilegum ástæðum.*

Að öðru leyti hef ég engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið en er tilbúinn til að mæta á fund hennar, verði þess farið á leit. Síminn er 551 3485 / 896 82 84.

Með vinsemd og virðingu,

Davíð Ósvaldsson  
Sæviðarsundi 11  
104 REYKJAVÍK

